

Ólafur Bjarnason hreppstjóri á Brimilsvöllum

Fæddur 10. apríl 1889

Dáinn 3. ágúst 1982

Par sem góðir menn fara eru Guðs vegir.

Á sinn máttuga hátt tengir tungan góðmennskuna guðdóminum.

Og nú er góður maður genginn Guði á vald.

Ólafur Bjarnason, sem í dag er kvaddur hinstu kveðju frá Brimilsvallakirkju var mjög hlýr maður, tillitssamur með afbrigðum, ræðinn og fróður um alla skapaða hluti. Sérstakt yndi hafði hann af því að ræða málefni lands og þjóðar, breytingu á atvinnuháttum og gamla tímamann eins og hans kynslóð, aldamótakynslóðin, lífði hann. Í Íslandssöguna þekkti hann af eigin reynslu í næstum heila öld. Stjórnmálasagan var honum álíka tiltæk og ljóðelskum manni uppáhalds skáldið sitt. Það hafa virkilega verið alvarlegar frátafir á Brimilsvöllum ef Ólafur sat af sér framboðsfund á Snæfellsnesi. Kímnigáfan var verið á fyrstu árum heimastjórnar í landinu.

Ólafur var fæddur á Hofi á Kjalarnesi. Sonur sæmdarhjonanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar bónda þar og síðar hreppstjóra á Brimilsvöllum í Fróðárhreppi. Systkini Ólafs voru tvö. Guðrún gift Jóni Proppé verslunarmanni og Lára gift Jóni Gíslasyni póstafréiðslumanni í Ólafsvík. Lára rak lengi póstafréiðslumanni í Ólafsvík, og var mikill mættarstólpi í verslun í Ólafsvík, og var byggðarlaginu. Hún lést fyrr á þessu ári. Eldri systirin Guðrún var kennaramenntuð frá Flensborg og var annálaður kennari í Ólafsvík.

Sigurður afi Ólafs var óðalsbóndi á hinni þekktu jörð Perney í Kollafirði. Var ætt hans af Mýrum, afkomendur hins rómaða Kolbeins Jöklaalds, sem Jón Helgason hefur gert ódaudlegan í Áföngum sínum. Par sem hann kváðst á við þann sjálfan í neðra.

Amma Ólafs í födurætt var aftur á móti Guðrún Sigurðardóttir Þorsteins hreppstjóra og skálds Gíslasonar að Stokkahlöðum í Eyjafirði og konu hans Sigurðar Árnadóttur frá Vöglum. Af þeim eru komnir margir þjóðfrægir menn, til að mynda dóttursonur þeirra Valdimar Briem skáld og vígslubiskup á Stóra-Núpi og skáldjófurinn Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. Afabróðir Þorsteins, séra Jón Kristinsson á Myrká var svo langalanga-afi Gríms Thomsen, amtmanns og þjóðskálds.

Móðurleggur Ólafs er líka velkunnur, því móðir hans Vigdís var dóttir Agötu, Guðmundsdóttur og Sigurðar Ólafssonar frá Flekkudal í Kjós. Þjuggu þau á Sandi, fíðurbylí Agötu. Faðir hennar Guðmundur á Sandi var nafntogaður bóndi í Kjósinni. Kona hans var Kristín Guðmundsdóttir og áttu þau tíu börn. Meðal

afkomanda þeirra eru Magnús prófastur í Ólafsvík, Loftur ljósmyndari, Sigurbjörn í Vísi, Guðbjörg Kolka læknisfrú á Blönduósi og Guðrjúður móðir Guðmundar Vignis, hrl.

Ólafur var á tíunda ári, þegar hann flutti vestur að Brimilsvöllum með foreldrum sínum frá Hofi á Kjalarnesi. Hin gjöfulu fiskimið í Faxaflóa og innfjörðum hans voru þá gengdarlaust rányrkt af erlendum togurum og mikil vá fyrir dyrum útvegsbænda af Kjalarnesinu. Þessi lífsreynsla var ljóslifandi fyrir Ólafi allt hans líf.

Samt blessaði hann þá stund, þegar hann flutti vestur. Ekki aðeins af því að Brimilsvellir voru ein af mestu kostajörðum landsins og dýrast metin jarða á Snæfellsnesi, heldur vegna þess að þar átti hann allt ævistarfið sem bóndi, hreppstjóri og heimilisfaðir á fjölmennu rausnar heimili með yndislega eiginkonu sér við hlið, Kristólínu Kristjánsdóttur frá Haukabrekku í Fróðárhreppi.

Þau giftu sig 11. júlí 1915 og hófu brátt búskap á Brimilsvöllum af víðkunni rausn og drift.

Trúnaðarstórf hlóðust á Ólaf. Hann sat í hreppsnefnd Fróðárhrepps í 36 ár og hreppstjóri var hann enn lengur eða frá 1924 til 1965. Þá þegar var hann orðinn sýslunefndarmaður og formaður sóknarnefndarinnar var hann frá 1920. Umboðsmaður þjóðjarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði frá 1926 til 1950. Formaður Búnaðarfélags sveitarinnar frá stofnun þess 1927 og lengi fulltrúi á Búnaðarsambandsfundum.

Í tengslum við bústörf og embættismennsku ferðaðist Ólafur mjög mikið. Aldrei hafði hann þó bílpróf. Til Reykjavíkur fór hann mest með skipum og kunnir margar sögur af því hvernig aðstæðan var hér við höfnina áður en nokkrir sjóvarnargarðar eða bryggjur voru til að marki.

Á landi fór Ólafur mest á hestum. Jafnvel heimsótti hann ekki svo Láru systur sína í Ólafsvík, að hún þyrfti ekki að hafa tiltækan beitarblett fyrir reidskjóta Vallnabóndans bróður síns. Önnur ferðalög voru erfiðari fyrir mann og hest. Um Snæfellsnes á öllum árstíðum í öllum veðrum, í nærfellt hálfra öld.

Eitt sinn kom Ólafur í hesthús til mín þar sem hrossin stóðu á básunum. Ekkert þeirra hafði hann séð fyrr. Ég spurði hvern hann mundi velja sér að félagi í glímunni við Snæfellsnesið. Ólafur brosti sínu hæverska brosi, gekk síðan inn í húsið og til baka aftur. Benti síðan á besta hestinn. Skarpskyggni og næmi hins aldna hestamanns brást ekki.

Heimili þeirra Ólafs og Kristólínu á Brimilsvöllum var annálað rausnaheimili. Fjölmennat var þar jafnan og allir alltaf guðvelkomnir. Fjöldi barna var þar í sumardvöl, núna löngu fullorðnir menn og góðir þegar í íslensku þjóðlífi. Þar átti dvölín á Brimilsvöllum sinn góða þátt.



Hinn 29. nóvember 1960 dó Kristólína. Skömmu seinna brá Ólafur búi og fluttist til Reykjavíkur. Par hefur hann lengst af dvalið hjá Björgu dóttur sinni og tengdasyni sínum Sigurjóni Sigurðssyni.

Kristólína hefði verið í Kvennaskólanum í Reykjavík og auk þess sótt ýmis kennaranám-skeið. Kennði hún í Snæfells- og Hnappadalssýslum auk kennslu í Döllum. Hún var formaður skólanefndar Fróðárhrepps í tíu ár 1946-1956. Fædd var hún í Bár í Eyrarsveit, dóttir Kristjáns bónda í Haukabrekku Þorsteinssonar frá Skriðukoti í Haukadal. Kona Þorsteins var Sigurín Þórðardóttir bónda í Bár, Einarssonar.

Kristólínu og Ólafi varð sjö barna auðið. **Sigurður** lyfsali í Reykjavíkurapóteki kvæntur Þorbjörgu Jónsdóttur. Synir þeirra eru Ólafur verkfræðingur og Jón læknir hér í borg. **Rögnvaldur** frystihússtjóri á Hellissandi kvæntur Jónu Ágústsdóttur. Sonur þeirra er Ólafur skrifstofustjóri á Hellissandi. Dóttir hennar og uppeldisdóttir Rögnvalds er Þuríður Gísladóttir húsmóðir í Reykjavík. **Hrefna** hún lést um fermingu. **Björg** húsrú í Reykjavík gift Sigurjóni Sigurðssyni útíbússtjóra Íðnabankans við Dalbraut. Þeirra börn eru Snorri verkfræðingur, dr. Hrefna líffræðingur og Kristján kennari í Reykjavík. **Bjarni** stöðvarstjóri pósts og síma í Ólafsvík kvæntur Mörtu Kristjánsdóttur. Þeirra börn eru Vigdís deildarstjóri á forsetaskrifstofunni, Kristján útvegsmaður í Ólafsvík og Kristbjörg bankamær í Sparisjóði Ólafsvíkur. **Kristján** hann lést um tvítugt, og **Hlíf** meinatæknir í Reykjavík gift Magnúsi Hallgrímssyni verkfræðingi og eru synir þeirra Hörður og Hallgrímur menntaskólanemar í Reykjavík. Barnabarna-börnin eru fimmtán.

Ég votta þessum stóra hóp samúð mína ásamt öllum þeim vinnufélögum sem syrgir gamla manninn. Göfugur öldungur er nú horfinn sjónum, hljóðnaður er hófadynur reidskjóta hans í himinbrýndu Snæfellsnesinu. Algóður Guð geymi þig vinur.

Guðlaugur Tryggvi Karlsson